



12. Miðstjórnarfundur RSÍ haldinn föstudaginn 9. júní 2000

Dagskrá:

1. Menntamál
2. Kjaramál
3. Styrkir
4. Orlofsmál
5. Önnur mál.

Fundur settur kl. 14:00

1. Menntamál.

Fjallað var um breytingar á stjórn Iðnskólans. Það var almennt skoðun miðstjórnar að þarna hafi verið hreyft við þörfu máli.

2. Kjaramál.

Virkjanasamningur lagður fram til staðfestingar
Samningur um árangurstengingar við Norðurál kynntur.
Samningur Sýningarmanna við viðsemjendur lagður fram.
Samningur við Samtök verslunarinnar er ekki í höfn.
Ekkert hefur þokast á Keflavíkurflugvelli.
Rafveita Akureyrar og Borgarleikhúsið hafa fengið tillögur okkar en ekki svarað enn.
Rarik, þar hefur verið haldinn óformlegur fundur um undirbúning fyrir samningagerð.
Samningurinn við ríkið hefur verið samþykktur sama má segja um samninginn Reykjavíkurborg.

3. Styrkir

Tómstundaskólinn fór fram á árlegan styrk til starfseminnar. Vegna veikrar stöðu skólans var ákveðið að tvöfaldan styrkinn. Rætt var um hvort ekki væri eðlilegt að leita leiða til þess að renna traustari stöðum undir almennt námskeiðahald á vegum MFA t.d. með því að leita eftir samstarfi við Námsflokka Rvíkur.
Beiðni kom um styrk til félagsmanns til að setja upp málverkasýningu, hafnað

4 Orlofsmál.

Orlofsnefnd kom með tillögu um að taka upp punktafrádrátt vegna vetrarleigu og frádráttur verði 2 punktar á helgi. Einnig voru þeir með tillögur um að auglýst verði sérstaklega að bannað sé að framleigja húsin og vonast eftir betri umgengni eftir það, samþykkt.
Samþykkt var að draga til baka fyrri samþykktir um sölu Skorradalshúsanna, en jafnframt var ákveðið að taka þau úr vetrarleigu og vera ekki með áform um að setja þar upp heita

potta.

Nýju húsin á Klaustri verða afhent 9/6 2000.

Þá var samþykkt að tilnefna Ísleif Tómasson í stjórn Ölfusborga.

Þá var einnig ákveðið að ganga til samstarfs við

Golfklúbbinn Dalbúa um golfvöllinn í Miðdal í stað þess að koma upp golfaðstöðu við Apavatn.

5. Önnur mál

Farið yfir deilur við Vinnueftirlitið

Tekin fyrir boð forstj. Landsvirkjunar um að fara í Sigöldu, þar sem Landsvirkjun vill sýna fram á að hjá þeim sé allt í lagi, samþykkt að framkv.stj fari í ferðina.

Fundi slitið kl. 16:30 Haukur Ágústsson